

Aukafundur aðalstjórnar LH 22. mars 2007

Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Einar Ragnarsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigurður Ævarsson, Sigfús Helgason og Sigrún Valdimarsdóttir. Sigrún Ögmundsdóttir, Sólveig Ásgeirsdóttir og Regína Gunnarsdóttir af skrifstofu LH.

1. Dómaranefnd LH og val á dómurum á HM í sumar

Dómaranefnd LH hefur verið skipuð:

Sigrún Ólafsdóttir Snæfellingi, formaður

Lárus Ástmar Hannesson, Snæfellingi

Jón Ólafur Guðmundsson, Andvara

Varamenn: Sigrún Sigurðardóttir, Gusti og annar varamaður verður tilnefndur á fundi nefndarinnar, sjá meðfylgjandi fundargerð 1. fundar dómaranefndar.

Eingöngu 3 dómara sóttu um að dæma á HM í sumar. Pétur Jökull Hákonarson og Pjetur N. Pjetursson voru valdir til að dæma. Haraldi, Vilhjálmi og Sigurði Ævarssyni falið að ræða við dómara, um skyldur þeirra og verksvið + skrifa undir minnisblað.

2. Lykill að vali landsliðs

Farið var yfir lykil að vali landsliðs og hann samþykktur, þó með þeim ábendingum að skoðað verði með stigahæsta knapann.

Skrifstofu falið að skipuleggja fréttamannafund til að kynna lykilinn og ráðningu liðsstjóra 29. mars klukkan 15:00.

3. Rekstrarmál – skipulagsmál, LM

Ný stjórn LM er í mótun og stefnt að því að hafa aðalfund sem fyrst. Regína ræði við Lárus Dag um aðkomu hans að nýrri stjórn LM. Það þarf að einhenda sér í að skýra línur í kring um LM ehf, umgjörð og hvert það stefnir og hefja viðræður við mögulega styrktaraðila.

4. Hestatorg - útflutningsráð

Oddur kynnti stöðu mála og samþykkt að hann haldi áfram að skoða mögulegt samstarf um hestatorgið. Sigrún athugi með tengiliði hjá útflutningsráði og hvað er verið að skipuleggja þar. Oddur skoði síðan hvort þetta tvennt geti ekki farið saman eða hvað sér best í stöðunni.

5. Fundur með formönnum nefnda

Rætt var um fyrr í vetur að hafa fund með formönnum allra nefnda á vegum LH með stjórninni. Sigrúnu Valdimarsdóttur falið að skipuleggja og móta fundinn, þ.e. kynningu á LH, málum tengdum nefndum, ábyrgð þeirra og verksvið.

6. Styrkur til GDLH vegna upprifjunarnámskeiðs í Kaupmannahöfn

Samþykkt hefur verið að styrkja GDLH um tvo flugmiða til Kaupmannahafnar til að halda námskeið fyrir starfandi dómara erlendis.

7. Fundur um málefni LH með stjórn málamönnum

Haraldur kynnti hugmynd sína að því að hafa fund með stjórn málamönnum fyrir kosningar og kynna það sem brýnast liggur á hestamönnum og LH.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Sigrún Ögmundsdóttir*